

77. fundur Heklunnar, atvinnuþróunarfélags Suðurnesja haldinn 15. Maí 2020 kl. 8:30 á skrifstofu SSS, Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbæ.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Fannar Jónasson, Ásgeir Eiríksson, Magnús Stefánsson, Guðjón Skúlason, Björk Guðjónsdóttir, Þuríður Aradóttir, Eyþór Sæmundsson, Berglind Kristinsdóttir, Daníel Einarsson og Dagný Gísladóttir sem ritaði fundargerð. Magnús Stefánsson boðaði varamann.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2019. Guðni Gunnarsson endurskoðandi.*
2. *Staða útboðsverkefna á Suðurnesjum – Berglind Kristinsdóttir.*
3. *Kynningarátak fyrir ferðaþjónustu á Suðurnesjum.*
4. *Til upplýsinga. Samningur við Ferðamálastofu til að stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á svæðinu – til kynningar. Þuríður H. Aradóttir Braun.*
5. *Samningur við Ferðamálastofu vegna upplýsingamiðlunar – til kynningar. Þuríður H. Aradóttir Braun.*
6. *Bréf frá Ferðamálastofu og ráðuneyti vegna innanlandsátaks. ÞHAB*
 - a. *Hvatningarátak*
 - b. *Innanlandsátak, sameiginlegur auglýsingapottur*
 - c. *Skipting á potti*
 - d. *Niðurstaða um ráðstöfun 15 m.*
7. *Útgáfa bókar um Reykjanes – Daníel Einarsson.*
8. *Námskeið á vegum Heklunnar – Dagný Gísladóttir*
9. *Atvinnuleysistöflur.*
10. *Önnur mál.*

1. Mál *Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2019. Guðni Gunnarsson endurskoðandi.*

Guðni Gunnarsson endurskoðandi kynnti ársreikning Markaðsstofu Reykjaness sem var samþykktur.

2. Mál *Staða útboðsverkefna á Suðurnesjum*

Berglind kynnti stöðu útboðsverkefna á Suðurnesjum.

3. Mál *Kynningarátak fyrir ferðaþjónustu á Suðurnesjum*

Þuríður kynnti áætlun um kynningarátak fyrir svæðið á komandi sumri og verkefni sem því tengjast.

4. **Mál Samningur við Ferðamálastofu til að stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á svæðinu**
Þuríður kynnti samninginn sem var lagður fram til upplýsingar.
5. **Mál Bréf frá Ferðamálastofu og ráðuneyti vegna innanlandsátaks í ferðaþjónustu**
Þuríður kynnti áherslur og útfærslu átaksins og samskipti við Ferðamálastofu vegna innanlandsátaksins.
6. **Mál Útgáfa bókar um Reykjanes**
Daníel kynnti útgáfu bókar um Reykjanes sem gefin er út af Reykjanes UNESCO Global Geopark.
7. **Mál Námskeið á vegum Heklunnar**
Dagný kynnti námskeið og fræðslu á vegum Heklunnar.
8. **Mál Atvinnuleysistöður**
Berglind kynnti tölur í apríl þar sem atvinnuleysi er 25,2% að meðaltali og 28% í Reykjanesbæ. Staðan er erfið og slíkar tölur hafa ekki sést áður á svæðinu. Stjórn lýsir yfir áhyggjum á komandi mánuðum og næsta vetri.

Fleira ekki gert og fundi slitið 10:30.